

# Nettengd Biblía fyrir börn kynnir

Vertu sæll  
Faraó!



Höfundur: Edward Hughes  
Myndskreytingar: Janie Forest; Alastair  
Paterson

Aðlagað af: Lyn Doerksen  
Þýðandi: Þráinn Kristjánsson  
Framleiðandi: Bible for Children  
[www.M1914.org](http://www.M1914.org)

BFC  
PO Box 3  
Winnipeg, MB R3C 2G1  
Canada


©2021 Bible for Children, Inc.

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu,  
en ekki selja.





Faraó var  
reiður!  
Guð  
hafði  
skipað  
honum, í

gegnum Móses, að leyfa  
ísrælsku þrælunum að yfirgefa  
Egyptaland. Hann þvertók  
fyrir það. "Aukið vinnuálag  
þeirra" skipaði Faraó  
þrælahöldurum sínum.  
Aðstæður Ísraela urðu  
nú mun erfiðari en áður.



"Farið sjálf til að við að ykkur hálmi. Við útvegum hann ekki lengur. En búið til jafn marga múrsteina sem áður." Þetta voru nýjar fyrirskipanir frá Faraó.



Prælahaldararnir  
þískuðu summa þrælana fyrir  
að hafa ekki tíma til að safna  
hálm, og samt búa til nóg af  
múrsteinum.






Fólkið ásakaði  
Móses og Aron  
fyrir örðugleika  
sína. Móses bað til  
Guðs. "Drottinn  
minn," hrópaði hann,  
"Þú hefur ekkert  
gert til að bjarga  
fólkinu þínu."

"Ég er Drottinn og  
ég mun leysa ykkur  
úr ánauðinni",  
svaraði Guð.



Þá sendi Guð Móses  
og Aron aftur til  
Faraó. Þegar Faraó  
bað þjóna Guðs um  
tákn frá Guði,  
breyttist stafur  
Arons í skríðandi  
snák.







“Kallið á töframenn  
mína,” öskraði Faraó.  
Þegar egypsku  
töframennirnir fleygðu  
niður stöfum sínum,  
breyttust stafir þeirra  
líka í snáka. En stafur  
Arons gleypți alla hina.  
Samt leyfði Faraó  
fólkinu ekki að fara.





Morguninn eftir, hittu Móses og Aron Faraó niður við ána. Þegar Aron rétti út staf sinn, umbreytti Guð vatni árinnar í blóð. Fiskurinn dó, og vatnið varð óhæft til drykkjar. En hjarta Faraós harðnaði. Hann vildi ekki leyfa fólkinu að

fara frá Egyptalandi.



Og aftur sagði Móses Faraó að leyfa fólkinu að fara. Faraó neitaði aftur, og Guð sendi aðra plágu. Komu þá upp froskar og huldu allt Egyptaland. Hvert hús, hvert herbergi, og meira að segja eldunarofnar, allt var yfirfullt af froskum.







“Biðjið fyrir mér,  
að Drottinn  
fjarlægi  
froskana”, bað  
Faraó. “Þá skal  
ég leyfa fólkinu  
ykkar að fara.”  
En þegar  
froskarnir voru  
farnir, skipti  
Faraó um skoðun  
og leyfði  
þrælunum ekki  
að fara.



Þá sendi Guð billjónir lítilla skordýra sem kallast lús.  
Þetta varð mönnum og fénaði til mikilla þjáninga, en  
Faraó hlýddi ekki Drottni.





Næst  
sendi Guð

flugur, urmúl af þeim. Guð  
sendi farald til að útrýma  
kvikfénaði Egyptalands.

Guð sendi sársaukafull kýli.  
Fólkið þjáðist hræðilega.

Þrátt fyrir allt  
þetta, neitaði Faraó  
að hlýða Drottni.






Eftir kylapláguna sendi Guð  
mergð af engisprettum.  
Engispretturnar átu upp  
allan grænan gróður  
landsins. Því næst  
sendi Guð algert myrkur  
í þrjá daga. En  
Faraó var uppfullur  
þvermóðsku og  
leyfði fólkinu  
ekki að fara.



“Ég mun senda  
enn eina plágu,”  
aðvaraði Guð.

“Um miðnætti  
munu allir  
frumburðir manna  
og fénaðar deyja í  
Egyptalandi.” Guð  
sagði Ísraelum, að  
frumburðir þeirra  
mundu bjargast,  
ef þeir settu  
lamsblóð á  
dyrastafi sína.






Á miðnætti varð mikill grátur um allt Egyptaland. Dauðinn kom í heimsókn. Að minnsta kosti einn hafði dáið á hverju heimili.











"Farðu í burtu", grátbað  
Faraó Móses. "Farðu og  
þjónaðu Drottni." Fólk  
drottins hélt án tafar út  
úr Egyptalandi.





Guð sagði Móses að minnast  
Páskanæturinnar, því að Engill  
Drottins hafði sneitt hjá  
heimilum Ísraela, en lostið niður  
hjá Faraó og fólki hans.





Loksins, að liðnum 430 rum í Egyptalandi, var fólk Drottins frjálst. Guð gekk fyrir þeim í skýjastrók til að vísa þeim veg á daginn, en í eldsúlu á nóttinni.





En Faraó var ekki tilbúinn að sleppa Ísraelum úr ánauðinni. Fyrr en varði, hafði hann gleymt Guði og breytt aftur um skoðun. Faraó kallaði her sinn saman, og hélt á eftir þrælunum. Fljótlega, hafði hann króað þá af milli kletta og hafs.



“Drottinn mun berjast fyrir ykkur,” sagði Móses.  
Móses gekk fram og rétti hönd sína yfir hafið.



Þá gerðist mikið  
kraftaverk. Guð  
opnaði göngustíg í  
gegnum vatnið.  
Fólkið fór yfir  
slysalaust.



Egypski herinn fór á eftir þeim út í Rauða Hafið. "Nú náum við þeim," hugsuðu hermennirnir. En Guð lét vötnin falla, og hafið gleypti hinn öfluga her Egypta. Þá loksins, vissi Faraó að Guð Ísraela var Drottinn allra.



Vertu sæll Faraó!

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í


Annarri Mósebók 4-15

“Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau.”

Sálmarnir 119:130







Endir



11



60



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð, sem skapaði okkur,  
og sem vill að þú þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar. Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til að lifa í þér, og þú með honum til eilífðar.

Ef þú trúir þessu, segðu þá eftirfarandi til Guðs:  
Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem komst í líki manns til að deyja fyrir syndir mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og komið svo til að vera með þér í himnaríki. Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!

